

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2023/865****2023/EES/83/50****frá 23. febrúar 2023****um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/907 að því er varðar starfsréttindaskírteini og staðfestingar á faglegri menntun og hæfi í tilteknum aðildarríkjum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 49. gr. b,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Upplýsingakerfinu fyrir innri markaðinn var komið á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 <sup>(2)</sup> sem rafrænu tóli sem framkvæmdastjórnin lætur í té til að auðvelda samvinnu á sviði stjórnsýslu milli aðila að IM-upplýsingakerfinu.
- 2) Á sviði gagnkvæmrar viðurkenningar á faglegri menntun og hæfi er þess krafist í 56. gr. tilskipunar 2005/36/EB að lögbær yfirvöld í gístaðildarríki og heimaaðildarríki noti IM-upplýsingakerfið að því er varðar samvinnu á sviði stjórnsýslu.
- 3) IM-upplýsingakerfið hefur verið þróað áfram til að gera landsbundnum yfirvöldum kleift að gefa út starfsréttindaskírteini fyrir skíðakennara sem voru innleidd með 8. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/907 <sup>(3)</sup>. Af þessum sökum er krafan í 3. mgr. 8. gr. framseldu reglugerðarinnar um að starfsréttindaskírteini fylgi sjálflimandi miði sem festur er á landsskírteini skíðakennara orðin úrelt. Því ætti að breyta 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/907 þannig að krafist sé notkunar IM-upplýsingakerfisins við útgáfu starfsréttindaskírteina fyrir skíðakennara og fella brott tilvísunina í sjálflimandi miða.
- 4) Vegna útgöngu Bretlands úr Sambandinu og loka umbreytingartímabilsins sem kveðið er á um í samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu <sup>(4)</sup> er ekki hægt að gefa út neina vitnisburði um formlega menntun og hæfi, eins og þeir eru skilgreindir í c-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/36/ESB í Bretlandi. Hins vegar eru vitnisburðir um formlega menntun og hæfi sem gefnir voru út fyrir 1. janúar 2021 enn í gildi.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 113, 28.4.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 278/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB (reglugerðin um „IM-upplýsingakerfið“) (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/907 frá 14. mars 2019 um að koma á fót sameiginlegu námsprófi fyrir skíðakennara skv. 49. gr. b í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi (Stjtið. ESB L 145, 4.6.2019, bls. 7).

(4) Stjtið. ESB C 384 I, 12.11.2019, bls. 1.

- 5) Borgarar Evrópusambandsins sem hafa staðfestingu á menntun og hæfi sem gefin var út fyrir 1. janúar 2021 í Bretlandi eiga þess kost að taka sameiginlega námsprófið (e. CTT).
- 6) Í þágu aukins sveigjanleika ætti lögbærri stofnun í aðildarríki, sem er á skrá í I. viðauka, að vera unnt að skrá upplýsingar í IM-upplýsingakerfið. Almennt ætti þetta að vera sú lögbæra stofnun sem ber ábyrgð á sameiginlega námsprófinu, þ.m.t. samkvæmt beiðni frá borgara Sambandsins sem hefur staðfestingu á menntun og hæfi sem gefin var út í Bretlandi fyrir 1. janúar 2021, en getur verið önnur lögbær stofnun, t.d. ef um er að ræða áunnin réttindi, þ.m.t. samkvæmt beiðni frá borgara Sambandsins sem hefur staðfestingu á menntun og hæfi sem gefin var út í Bretlandi fyrir 1. janúar 2021.
- 7) Finnland hefur farið fram á að fjarlægja „Vuokatti Sports Institute“ úr I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/907, þar sem sú stofnun veitir ekki þá staðfestingu á menntun og hæfi fyrir Finnland sem skráð er í þeim viðauka.
- 8) Svæðin og sjálfstjórnarsýslurnar Trento og Bolzano hafa einkavaldheimildir til að veita staðfestinguna „Maestro di Sci“ á menntun og hæfi og mega framselja hana til annarra ítalskra stofnana sem skráðar eru í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/907.
- 9) Litáísk samtök vetrariþróttakennara voru stofnuð árið 2018. Þau veita staðfestinguna „4. stigs skíðakennari“ á menntun og hæfi. Breyta ætti I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/907 til að endurspeglar þessa staðfestingu á menntun og hæfi og tryggja þannig að skíðakennarar sem hafa lokið samsvarandi þjálfun geti notið góðs af sameiginlega námsprófinu. Hins vegar hefur Litáen farið fram á að National Russian League of Instructors (NRLI) verði fjarlægð úr viðaukanum.
- 10) Það að BASI – British Association of Snowsport Instructors (samtök breskra vetrariþróttakennara), sem skráð er sem lögbær stofnun fyrir Bretland, eru ekki lengur lögbær til að skipuleggja sameiginlega námsprófið ætti að koma fram í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/907.
- 11) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/907 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/907 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Skíðakennarar, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar og hafa annaðhvort staðist sameiginlega námsprófið með fullnægjandi árangri eða njóta áunninna réttinda skv. 7. gr. þessarar reglugerðar, skulu fá útgefið starfsréttindaskírteini í gegnum IM-upplýsingakerfið sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 1024/2012. Skírteinið skal vera sönnun á sameiginlega námsprófinu og gefið út af lögbærri stofnun í aðildarríki.“

b) Ákvæði 3. liðar falla brott.

2) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/907 er töflunni breytt sem hér segir:

1) Í færslunni fyrir Finnland er annar undirliður í þriðja dálki felldur brott.

2) Í færslunni fyrir Ítalíu er eftirfarandi undirliður í þriðja dálki bætt við:

„— Regioni e le Province autonome di Trento e Bolzano“.

3) Í stað færslunnar fyrir Litáen (Lietuva) kemur eftirfarandi:

„Litáen (Lietuva)	Ski instructor Level 4 (4. stigs skíða-kennari)	Lithuanian Snowsports Instructors Association (LSIA)“.
-------------------	---	--

4) Í stað færslunnar fyrir Bretland kemur eftirfarandi:

„Bretland	Alpine level 4 – International Ski Teacher Diploma * (alþjóðlegt skíða-kennaraskírteini)	BASI – British Association of Snowsport Instructors ** (samtök breskra vetraríþróttakennara)“.
-----------	--	--

5) Eftirfarandi athugasemdum er bætt við:

„Athugasemdir:

\* Gefið út fyrir 1. janúar 2021.

\*\* Frá og með 1. janúar 2021 er BASI ekki lengur til þess bært að skipuleggja sameiginlega námsprófið.“